

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, tvöföldun Reykjanesbrautar og mislæg gatnamót.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Legu Vatnsleysustrandarvegur og Höskuldavallavegur er breytt.
- Ný mislæg gatnamót eru sett við Vatnsleysustrandarveg/Höskuldavallaveg, Vogabraut og Grindavíkurveg.
- Ný undirgöng fyrir gangandi og ríðandi vegfarendur eru sett milli Vogabrautar og Grindavíkurvegar.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.